

NAUST *marine*

... nútíminn er rafdrifinn

Jólaþveðja

Naust Marine óskar viðskiptavinum sínum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs.



Nýjungar í verslun Naust Marine

Ný kynslóð af Ampertöngum frá Fluke

Nýja 370 serían frá Fluke leysir af hólmi 330 seríuna sem hefur reynst mjög vel. Nýju mælana er hægt að fá ýmist með 600A AC, 600A AC/DC eða 1000 A AC/DC – líkt og fyrirrennarana.

Tangirnar eru sérstaklega harðgerar og hannaðar til að þola fall og önnur högg.

Í hverri töng er fullkominn True RMS fjöl-

sviðsmælir sem mælir straum, spennu, tíðni og fleira. Flestir mælanna mæla einnig startstraum (inrush current) t.d. í mótorum.

Meiri möguleikar með iFlex

Er leiðarinn of sver? Kemurðu tönginni ekki að fyrir þrengslum? Þessi vandamál heyra sögunni til með iFlex straummælningarlykkjunni frá Fluke. Þú einfaldlega þræðir lykkjunni utan um leiðarann og tengir aftur við grunninn. Þannig er hægt að mæla allt að 2500A AC.

Einnig er hægt er fá Fluke fjölsviðsmæla með lausum skjá. Þetta hentar mjög vel þegar leiðslan sem á að mæla er ekki á sama stað og stýribúnaðurinn, t.d. í töfluskápum og bílum. Aftan á skjánum er svo segull sem auðveldar handfrjálsa notkun. Tveir slíkir mælar eru komnir á markað: Fluke 233 og Fluke 381, sem er ein af nýju ampertöngunum. Skjárinn dregur 10 metra frá mælinum og fjarlægð frá mælinum skerðir ekki nákvæmni mælisins.

Hafðu samband og fáðu tilboð í þessar mögnuðu nýjungar.

Birgir: birgir@naust.is
Bjarni: bjarniv@naust.is
Pantanir: naust@naust.is




Örþunnir einangrarar – nýja 3100 serían frá PR

Einangrarar fyrir mA og V merki.

Komin er á markað ný tegund ferjalda frá PR sem sameinar markvissa hönnun og góða tæknieiginleika. Við hönnunina var það haft að leiðarljósi að gera notkun eins auðveldla og mögulegt er.

Hver eining er aðeins 6 mm á breidd og hægt er að raða allt að 130 einingum í röð með einum 24 VDC spennugjafa.


Allar rásir eru hannaðar til að þola ± 24 VDC og því er einingin vernduð fyrir rangri tengingu og rangri pólun. Einingin býður að auki upp á 2,5 kVAC galvaníska einangrun á milli innganga, útganga og fæðispennu.



Smellist beint á DIN skinnur

Eiginleikar:

- Svartími < 5ms eða 7ms.
- Nákvæmni < $\pm 0,05\%$ eða < $\pm 0,1\%$ af spani.
- Hægt að fá með ATEX vottun (vegna sprengjuhættu).
- Auðvelt að forrita með DIP rofum eða staf-rænni forritunareiningu.
- Fæðispenna: Loop powered eða 24 VDC $\pm 30\%$.
- Uppfylla staðla EN 61010-1 og EN 61140.



PRElectronics 9100 – serían frá PR

Fyrir þá kröfuhörðu

Ferjöldin í 9100 seríunni frá PR eru áreiðanleg og fjölhæf. Á þeim eru inngangar fyrir, mA, mV, V, viðnám, viðnámshitanema (RTD), hitatvinnema (TC), tíðni (Hz) og HART® samskipti. Ferjöldin er hægt að fá með mA, liða og HART® útganga.

Þau henta vel til notkunar þar sem aðstæður eru hættulegar vegna eldsneytis og/eða gashættu og þar sem áhersla er lögð á starfsemi án bilana.

Öll ferjöld í 9100 seríunni má nota í

sprengjuhættu (Ex). Þau eru með SIL2 öryggisvottun en einnig er hægt að fá þau með SIL3 vottun.

Einfalt er að forrita ferjöldin með 4501 forritunarskjá.

